

## Skilagrein

### Samráðshópur vegna hvítbókar: NÁMSTÍMI

Í nóvember 2014 skipaði mennta- og menningarmálaráðuneyti fulltrúa sjö hagsmunaaðila til að starfa með verkefnisstjórn ráðuneytisins. Samkvæmt skipunarbréfinu er samráðshópnum ætlað að veita ráðgjöf og rýna tillögur um aðgerðir sem gerðar hafa verið af verkefnahópum hvítbókar um eflingu læsis, um endurskipulagningu námstíma á framhaldsskólastigi og um umbætur í starfsmenntun.

#### Hópin skipta

Aðalheiður Steingrímsdóttir tilnefnd af Kennarasambandi Íslands.

Finnbjörn A. Hermannsson tilnefndur af Alpýðusambandi Íslands.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir tilnefnd af Samtökum iðnaðarins.

Steinn Jóhannsson tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands.

Svandís Ingimundardóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn hennar voru Klara E. Finnbogadóttir og Guðjón Bragason.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins.

Jón Torfi Jónasson tilnefndur af Háskóla Íslands, Menntavísindasviði.

Varamaður hans var Anna Kristín Sigurðardóttir.

#### Vinnulag var eftirfarandi:

28. nóv. 2014 Kynningar- og umræðufundur

5. des. 2014 Stöðufundur um starfsnám

10. des. 2014 Stöðufundur um læsi

12. des. 2014 Fundur um námstíma

Drögum að þremur aðgerðaáætlunum var dreift til hópsins 3. og 4. febrúar 2015. Hver hagsmunaaðili nema HÍ sendi inn umsögn um aðgerðaáætlanirnar 16.-18. febrúar

23. feb. 2015 Umræðufundur um læsi og starfsmenntun

25. feb. 2015 Umræðufundur um námstíma

Uppfærðum drögum var dreift til hópsins á tímabilinu 2. -13. mars og hagsmunaaðilum gefinn kostur á nýrri umsögn. Einungis KÍ sendi formlega inn nýja umsögn um læsi þann 9. mars. Þann 25. mars höfðu einnig borist nýjar umsagnir frá KÍ um starfsmenntun og námstíma

26. mars 2015 Lokafundur um læsi

15. apríl 2015 Lokafundur um starfsmenntun

4. maí 2015 Lokafundur um námstíma

#### Umsögn og næstu skref

Ráðgjöfin var sett fram í formi umræðna á fundum og í formlegum umsögnum frá tilnefningaraðilum. en allir voru sammála um að aðgerðaáætlunina gæfi tækifæri til breytinga.

Samráðshópurinn telur að aðgerðaráætlunin eins og hún lítur út í febrúar 2015 geti falið í sér umbætur á námsumhverfi nemenda og verið vegvísir að áframhaldandi vinnu. Tillögur um aðgerðir ásamt umsögnum aðila samráðshópsins fara nú til ráðherra til ákvörðunar um næstu skref. Verkefnið

er umfangsmikið og flókið og mikil þörf er á að útfæra einstaka verkþætti betur, ásamt því að kostnaðarmeta og forgangsraða. Allir hagsmunaaðilar óska eftir að koma að þeirri vinnu.

Samhliða áframhaldandi vinnu við að útfæra verkþætti í áætlun um námstíma bendir hópurinn sérstaklega á mikilvægi þess að unnið verði að því með markvissum og skipulögðum hætti að efla sveigjanleika milli skólastiga, hvetjandi námsumhverfi, skuldbindingu í námi, ráðgjöf og upplýsingaflæði til að draga úr brotthvarfi í námi og áhættuþáttum snemma á skólagöngu.

Við gerð framkvæmdaáætlunar og innleiðingu þarf sérstaklega að beina sjónum að starfsumhverfi kennara og skólastjórnenda, kennaramenntun og stöðugri starfsþróun, til að gera þeim kleift að vinna að markmiðum. Þetta á einnig við um læsi og starfsmenntun, framkvæmdaáætlanir og innleiðingu þeirra. Verkefnahópur hvítbókar um námstíma fór yfir allar umsagnir hagsmunaaðila og tók tillit til þeirra athugasemda sem þau töldu að samhljómur væri um. Með skilagreininni fylgja umsagnirnar og hvetur hópurinn til að þær verði nýttar við áframhaldandi vinnu.

Gert er ráð fyrir að fljótlega verði haldinn fundur um námstíma með ráðgjafahóp ráðherra um umbætur í menntun. Samráðshópurinn leggur áherslu á að fundargögn fyrir þann fund verði send með góðum fyrirvara til ráðgjafahópsins og samráðshópsins.

Ráðgjafahópurinn skipa:

Ari Kristinn Jónsson tilnefndur af Háskólanum í Reykjavík,  
Elín Björg Jónsdóttir tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja,  
Guðlaug Kristjánsdóttir, tilnefnd af Bandalagi háskólamanna,  
Guðrún Hafsteinsdóttir tilnefnd af Samtökum iðnaðarins,  
Gylfi Arnbjörnsson tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,  
Kristín Ingólfssdóttir tilnefnd af Háskóla Íslands,  
Halldór Halldórsson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,  
Þorsteinn Víglundsson tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins,  
Þórður Á. Hjaltested tilnefndur af Kennarasambandi Íslands  
auk ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Ráðgjafahópurinn er vettvangur umræðu um stefnu og mun fá til meðferðar niðurstöður verkefnisstjórnar ráðuneytisins og verkefni um aðgerðir sem miða að því að ná markmiðum hvítbókar.